

ÁVARP FORMANNS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur nú lokið þriðja starfsári sínu og vill með þessu hefti ársritsins Gáttar gera kennslufræði og þarfir sérstakra hópa fyrir menntun, m.a. íslenskukennslu, að umfjöllunarefni. Eins og kunnugt er er FA samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Á þessum vettvangi hafa heildarsamtökin hvort tveggja í senn skipulagt samstarf við menntamálaráðuneytið um fullorðins- og starfsmenntun og komið á öflugri þjónustu við sameiginlegar fræðslustofnanir atvinnulífsins sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Í starfi FA hefur frá upphafi verið lögð rík áhersla á að byggja upp þekkingu og reynslu á sviði kennslufræði fyrir fullorðna og miðla þessari þekkingu áfram til þeirra sem starfa við kennslu fullorðinna á vinnumarkaði. Í seinni tíð hefur áherslan á nýjar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði fengið aukið vægi í starfinu. Að baki þessari þróun liggur mikil reynsla bæði FA og þeirra sameiginlegu fræðslustofnana sem aðilar vinnumarkaðarins standa að með því að byggja upp og þróa aðferðir til að hvetja og aðstoða fullorðið fólk við að bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Á undanförunum árum hefur einnig verið mikil og ör þróun í skipulagi og uppbyggingu þeirra fræðslustofnana sem aðildarsamtök ASÍ og SA eiga aðild að. Hvarvetna hafa aðildarsamtökin sýnt vilja sinn í verki með samstarfsamningum og fyrirkomulagi sem eykur skilvirkni og hugmyndaauðgi fyrir viðkomandi markhópa. Sem dæmi má nefna sameiningu fjögurra fræðslumiðstöðva iðnaðarmanna í IÐUNA – fræðslusetur ehf., samstarf FA og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og samstarf Mímis – símenntunar ehf. og Námsflokka Reykjavíkur um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Það er engin vafi á því að þessi mikla gróska og hugmyndaauðgi í mótun og þróun fullorðins- og starfsmenntunar á vinnumarkaðinum og skýrari stefnumörkun af hálfu samtaka á vinnumarkaði í þessum málum hefur aukið áhuga og vilja stjórnvalda til aðkomu að þessum málaflokki. Þessi áhugi birtist á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi endurspeglast hann í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins við ríkisstjórnina í nóvember á síðasta ári um framlög til námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum fyrir það fólk á vinnumarkaði sem minnstu menntun hefur og samkomulagi sömu aðila frá því í júní í ár um viðbótarframlög til námskeiðahalds og framlög til náms- og starfsráðgjafar hjá fræðslustofnunum iðnaðarins fyrir þá sem ekki hafa lokið

formlegu iðnnámi. Enginn vafi er á því í mínum huga að hvort tveggja hefur og mun hleypa nýju lífi í annars gróskumikinn jarðveg þessara mála á næstu misserum.

Í öðru lagi endurspeglast þessi áhugi stjórnvalda í þeim skipulagsbreytingum sem gerðar hafa verið í ráðuneyti menntamála með stofnun Símenntunardeildar um síðustu áramót. Með þessu hefur ráðuneytið lagt grunn að skilvirkara samstarfi og samskiptum bæði við okkur á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem og aðrar fræðslustofnanir á vinnumarkaðinum. Því ber að fagna.

Ég sagði í ávarpi mínu í síðustu Gátt að „þrátt fyrir gróskumikið og fjölbreytt starf á þessum vettvangi, þar sem framboð af námi fyrir þá sem minnsta menntun hafa fyrir eykst hratt, er að verða nokkuð ljóst hvar skórinn kreppir. Flest vandamálin snúast um fjármögnun á framkvæmdinni, hvort heldur um er að ræða námskeiðsgjöld eða gjöld fyrir náms- og starfsráðgjöf“. Þær breytingar, sem ég hef hér rakið, hafa að verulegu leyti tekið á þessum vanda og lagt, að mínu mati, grunn að enn þróttmeira starfi næstu misserin. Það er á okkar sameiginlegu ábyrgð að sjá til þess að þetta svigrúm gagnist því folki á vinnumarkaði, sem minnsta menntun hefur, við að bæta og treysta sína stöðu.

Gylfi Arnbjörnsson,
formaður stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Gylfi Arnbjörnsson